

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 23. ágúst 2019
UST201908-073/S.A.J.
08.10.00

Efni: Umsögn - svar framkvæmdaraðila - framleiðsla á kalki á Bíldudal

Þann 9. ágúst sl. sendi Skipulagsstofnun erindi til Umhverfisstofnunar þar sem óskað var eftir viðbrögðum Umhverfisstofnunar við svari Íslenska Kalkþörungafélagsins við umsögn Umhverfisstofnunar um matskyldufyrirspurn vegna fyrirhugaðrar aukningar framleiðslu í verksmiðju félagsins á Bíldudal og örara efnisnám í Arnarfirði.

Lifandi kalkþörungar

Í erindi Kalkþörungafélagsins segir að Umhverfisstofnun hafi fullyrt að hraðari vinnsla muni hafa skaðleg áhrif á lifun kalkþörungna. Það er ekki alls kostar rétt heldur telur Umhverfisstofnun að hraðari efnistaka muni valda miklu álagi á vistkerfi hafbotnsins og gruggmyndun verði meiri. Vitað sé að gruggmyndun hefur skaðleg áhrif á lifun kalkþörungna. Því telur Umhverfisstofnun að líkur séu á að umrædd framkvæmd kunní að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif á búsvæði lifandi kalkþörungna í Arnarfirði. Svar Íslenska Kalkþörungafélagsins breytir ekki því áliti Umhverfisstofnunar.

Loftgæði

Íslenska Kalkþörungafélagið bendir á að Umhverfisstofnun hafi samþykkt úrbótaáætlun vegna fráviks er varðar loftmengun í útblæstri er fram kom í eftirliti í febrúar á þessu ári. Unnið sé að endurbótum á rykhreinsivirki sem tryggja eigi að magn ryks í útblæstri fari ekki yfir 10 mg/m³. Umhverfisstofnun bendir á að umrætt frávik vegna mengun í útblæstri er ekki einstakt frávik heldur hefur stofnunin ítrekað gert athugasemdir og skráð frávik vegna mengunar í útblæstri verksmiðjunnar. Þegar sótt var um nágildandi starfsleyfi verksmiðjunnar árið 2017 kom fram að búið væri að komast fyrir vandann varðandi rykmengun frá verksmiðjunni og var fullyrt að ef af þeirri stækkun myndi ekki verð aukning á loftmengun. Starfsleyfið var svo gefið út 11. maí 2018 en frá útgáfu þess hefur Umhverfisstofnun í tvígang gert frávik vegna mengunar í útblæstri. Því telur stofnunin að mikil óvissa sé varðandi mengun í útblæstri vegna framkvæmdarinnar og hefur svar Íslenska Kalkþörungafélagsins ekki eytt þeirri óvissu.

Hljóðvist

Í svari Íslenska Kalkþörungafélagsins varðandi hljóðvist segir að unnið hafi verið hljóðkort sem sýni fram á að hávaði frá verksmiðjunni sé innan marka skv. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða fyrir utan tvö hús í bænum. Telur stofnunin að hér sé vísað til


hljóðkorta er send voru inn vegna starfsleyfisumsóknar 2017. Samkvæmt þeim hljóðkortum átti hávaði frá verksmiðjunni að vera inna marka nema fyrir tvö hús en samkvæmt eftirlitsskýrslu er það ekki raunin. Því telur stofnunin að enn sé óvissa varðandi hávaða vegna framkvæmdarinnar og hefur svar rekstraraðili ekki eytt þeirri óvissu. Íslenska Kalkþörungafélagið heldur því fram að hljóðkort gefi raunsannari mynd af hávaða en beinar mæling. Umhverfisstofnun tekur fram að hún telur mælingar sýni betri raunmynd af hljóðvist frá rekstrinum en hljóðkort og mun því taka tillit til mælinga. Rekstraraðili getur lagt fram hljóðkort, byggð á stýrðum forsendum, en meðan mælingar sýna aðra niðurstöðu telur stofnunin frekar ástæðu til að horfa til mælinganna.

Gruggmyndun

Í svari Íslenska Kalkþörungafélagsins kemur fram að í umsögn Umhverfisstofnunar sé því ranglega haldið fram að styrk aukning svifagna fyrir og eftir uppþælingu á hráefni hafi ítrekað farið yfir starfsleyfismörk árið 2018. Orðalagið í umsögn Umhverfisstofnunar var ef til vill ekki heppilegt en í tveimur tilfellum var styrk aukning yfir starfsleyfismörkum. Ljóst er hins vegar þegar loftmyndir, er finna má í kortagrunni Vesturbyggðar <https://www.map.is/vesturbyggd/> eru skoðaðar að mikið grugg berst frá Kalkþörungaverksmiðjunni. Segir einnig í svari Kalkþörungaverksmiðjunnar að rannsókn á setkjörnum af botni Bíldudalshafnar sýni að grugg frá verksmiðjunni hafi ekki áhrif á hafsbotn. Umhverfisstofnun bendir á að á umræddum loftmyndum má sjá að grugg berst meira en einn og hálfan kílómetur út með Arnarfirði og má gera ráð fyrir áhrifum af völdum þess lífríkið þrátt fyrir að áhrif þess greinist ekki í setkjörnum í Bíldudalshöfn. Umhverfisstofnun telur enn að óvissa sé um áhrif gruggs frá verksmiðjunni.

Umhverfisstofnun telur því ekki ástæðu til að breyta umsögn sinni um matskyldufyrirspurn vegna stækkunar kalkþörungaverksmiðjunnar á Bíldudal þrátt fyrir svör Íslenska Kalkþörungafélagsins.

Virðingarfyllst



Sverrir Aðalsteinn Jónsson
sérfræðingur



Rákel Kristjánsdóttir
sérfræðingur